

## Clauda Ashonie Wilson: Menntun kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og atvinnu að námi loknu

**Kæru konur** - innilega til hamingju með daginn.

Ég heiti Claudia Ashonie Wilson og er fædd og uppalinn á Jamaíku. Ég flutti til Íslands fyrir 10 árum síðan þannig að ég veit ekki hvort að mér er leyft að kalla mig Jamaísk lengur.

Það er mér sértök ánægja að fá að vera hér með ykkur í dag á þessum mikilvæga degi í lífi kvenna. Á þessum degi er okkur gefin kostur á að lita um öxl til þess að sjá hversu langt við höfum komið í okkar baráttu fyrir jafnrétti, fyrir friði og fyrir uppbyggingu og þróun. Við höfum margt til að vera stoltar af, en eins og við vitum er okkar baráttu langt frá því lokið.

Nýlega var Ísland talið besti staður í heiminum til að vera kona í dag er varðar menntun, stjórnámál, heilbrigðisþjónustu og atvinnu. Þetta kom fram í grein sem birtist í Independence Time síðast liðinn sunnudag. Þetta er sönnun fyrir því að við höfum tekið skref í rétta átt því það er margt gott hér á landi fyrir konur ef miðað við annars staðar í heiminum.

Það er hins vegar forvitnilegt að vita hvernig er það að vera kona af erlendum uppruna hér á Íslandi? Fáum við jöfn tækifæri til menntunnar, heilbrigðisþjónustu, stjórnámál og atvinnu? Margar aðfluttar konur eru ósamála þessu og telja sig hafa orðið fyrir misrétti og fordómum með beinum og óbeinum hætti sérstaklega er varðar menntun og atvinnu.

Því miður þurfum við sem erum aðfluttar konur ekki eingöngu að glíma við misrétti vegna kyns eins og íslenskar systir okkar, heldur einnig vegna þjóðernis og eftir atvikum kynþáttar.

Menntun og atvinnufrelsi eru grundvallar mannréttindi og ber íslenska ríkinu samkvæmt okkar löggjöfum og ýmsum alþjóðasamningum skylda til þess að tryggja að allir hafa jafnan aðgang að menntun og atvinnu óháð þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags og fötlunar.

Ef ég sný mér að menntarmálum það er ýmislegt sem þarf að breytast til þess að aðlagast þessu fjölmenniga samfélag sem Ísland er orðið. Það eru of mörg dæmi um að konur sem hafa ákveðið að afla sér frekari menntunnar í íslenskum skólum þurfa að sæta sig við mismunun vegna þjóðernis.

Það er sorglegt að til sé dæmi um konu sem vildi stunda ákveðin nám hér á Íslandi þurfti að sæta sig við synjun um inngöngu. Síðan kom í ljós að þessi ákvörðun var reist á ómálefnalegum sjónarmiðum þ.e.a.s. vegna þess að myndin sem fylgdi umsókninni sýndi að hún var af erlendum uppruna eða miklar líkur voru á því að hún myndi ekki skilja námsefni sem er 95% á íslensku. Þrátt fyrir að hafa tekið íslensku í menntaskóla og staðið sig vel í því.

Það er sorglegt þegar konur þurfa að leggja inn formlega kvörtun til forseta deildarinnar eða Rektor skólans vegna háttsemi eða ummæla kennarans í þeirra garð ef þær biðja um aðstoð eða frekari skýringar á námsefninu. Sumar hafa verið hvattar af kennurunum til þess að hætta í náminu.

Ég dáist af þessum konum sem þrátt fyrri mótlæti hafa ákveðið að klára námið sitt. Sumar eru komnar með kennsluréttindi, BA eða BS gráðu, Meistaránáms gráðu og í sumum tilfellum eru komnar í doktorsnám. Sumar konur hafa því miður misst sjálfstraustið vegna stöðugar

áreynslu á það í skólakerfinu. Þær hafa tekið þá ákvörðun að hætta í námi og snúa sér í þá vinnu sem flestar erlendar konur þekkja vel, ræstingu, fiski eða önnur þjónustu störf.

Það er orðið tímabært að gerðar séu ráðstafanir í íslenskum skólum til fyrirbyggja að háttsemi kennara feli ekki í sér mismunun í garð nemenda sinna sem eru að stunda íslensk nám og er ekki með íslensku að móðurmáli.

En eins og við vitum að námi loknu tekur atvinnan við. Við erum orðnar spenntar að hafa klárað okkar nám með settum markmiði að taka virkan þátt í að móta samfélagið sem við og fjölskyldur okkar búum í. Þetta hafi gengið mis vel- færstar fengu vinnu strax við hæfi, aðrar þurfa að kæra eða hóta kæru til jafnréttisnefndarinnar til þess að fá starfið.

Það segir sitt sjálft þegar kona sem er komin það langt í doktorsnámi í lögfræði getur ekki fengið vinnu tengd sinni menntun. Þessi kona hafa sótt um á 100 vinnustöðum bæði auglýst og óauglýst störf tengd menntun hennar. Hún var boðið í eitt atvinnu viðtal en var hafnað á óskýrum forsendum. Þessi doktorsnemi þrátt fyrir góðar einkunnir vinnur í dag á hóteli sem barþjónn.

Annað dæmi er um þrjár konur sem eru komnar með kennsluréttindi og tvær með meistaranáms gráðu samhliða og geta samt ekki fengið vinnu við hæfi. Að sögn einnar hafi hún sótt um störf hjá öllum grundskólum hér á höfuðborgarsvæðinu stöðugt í þrjú ár, þar til hún gafst upp. Þetta segir mér allavega að eitthvað verður að breytast. Á öllum stöðum sem þær hafa sótt um störf tengd námi þeirra hefur þeim verið hafnað á meðan margir íslenskir samnemendur þeirra sem stóðu sig ver eða jafn- vel í náminu fengu störfin sem í boði voru. Þessi raunveruleiki hefur orðið það mikil fyrir sumar þeirra að þrjár af þeim hafa ákveðið að flytja aftur til síns heimalands og eru tvær til viðbótar að íhuga að gera það sama í sumar.

Það er ekki allir sem hafa þann kost að flytja aftur heim, Ísland er orðin okkar heimili og við höfum misst tengsl við okkar heimaland. Flestar konurnar sem ég ræddi við eru fráskildar einstæðar mæður sem hafa skuldbundið sig hér á landi bæði félagslega og fjárhagslega. Að auki mega þær ekki flytja milli landa með börnin án samþykkis fyrrverandi maka síns.

Hvað eigum við að gera? Þegar við fáum ekki menntun frá heimalandi okkar viðurkennda og þrátt fyrir að hafa aflað okkur frekari menntunnar í íslenskum skólum dugir það stundum ekki til að fá vinnu við hæfi?

Erum við dæmdar til að tilheyra þeim vinnustéttum sem eru alls ekki í samræmi við menntun okkar?

Margar trúa að oftast er starfsumsóknin þeirra sett til hliðar ef að nafnið er ekki íslensk nafn. Þetta er áhyggjuefni ef svo er. Sumar hafa kosið frekar að breyta eftir nafninu sínu sem virkar vel þar til þær mæta í atvinnu viðtöl. Sumar telja sig njóti forgangs í ákveðin störf eingöngu vegna tengsla þjóðernis við starfið t.d. að veita ráðgjöf til þeirra sem eru af sama þjóðerni eða önnur störf sem hafa einhver tengsl við menningu þeirra svo sem dansi, matreiðslu o.s.frv.

Fyrir hinar sem vilja gegna ákveðnum störfum á grundvelli menntunnar sem hafa enginn tengsl við þjóðernis er aðeins erfiðara t.d. að vera í stjórnunarstöðum, eða vera kennari í grundskólum eða háskóla, læknir, lögregluþjónn o.s.frv. Það er fátítt að þú sérð konu í þessum stöðum og oft gengur betur fyrir karlar af erlendum uppruna að gegna þeim. Aðal ástæða er

ekki vegna áhugaleysis af okkar hálfu eða skorts á þekkingu heldur vegna þess að okkur er sjaldan gefin kostur á að gegna þessum stöðum.

Í dag 8 . mars 2012 segi ég að „ VORIÐ KALLAR“ þetta fyrir okkur felur í sér kröfur um jákvæðar breytingar. Ég er jákvæð og deila margar aðfluttar konur þessari jákvæðni á baráttuþrótti. Við erum ekki búnar að missa vonina að hlutirnir muni breytast. Við teljum okkur vera íslendingar með íslenskan ríkisborgararétt, þrátt fyrir að vera aðfluttar og tala íslensku með hreim. Við trúum að við munum fá jöfn tækifæri til atvinnu og menntunar óháð þjóðerni. Við sáum nýlega dæmi um konu af erlendum uppruna, Amal Tamini sem sat á Alþingi. Þetta gefum okkur von og kraft til þess að halda áfram.

Að auki fögnum við því að Kynþáttafordómanefnd Evrópuráðsins hefur nýleg bent á ýmsa ágalla í íslenskri löggjöf m.a. að það verður að skilgreina hvað felst í hugtakinu mismunun. Nefndin hefur hvatt stjórnvöld til aðgerða í að auka vernd minnihlutahóps hér á Íslandi og koma í veg fyrir mismunun og misrétti. Nokkur lönd hafa komið með tillögu um hvernig mætti fyrribyggja mismunun og teljum við að íslensk stjórnvöld ættu að íhuga þær tillögur.

Við fögnum því að hafa stuðning íslensku systra okkar í þessum efnum.

Við fögnum því að umræðan um þetta málefni er hafin og mun halda áfram þar til breytingar verða.

Við höfum margt fram á að færa, þekkingar aflað hér á landi og í uppruna löndum okkar, við erum duglegar, metnaðarfullar og vinnusamar. Við teljum að slíkt verði til hagsbóta fyrir alla. Við viljum ekki bara njóta góðs af samfélaginu heldur leggja okkar að mörkum til að bæta það. Það eina sem við biðjum um er jafna möguleika.

- Að lokum segjum við til Íslenskra stjórnvalda VORIÐ KALLAR,
- Til íslenska atvinnulífsins segjum við að VORIÐ KALLAR,
- Til skólakerfisins segjum við að VORIÐ KALLAR

Og nú spyr ég Hvert ykkar ætla að svara þessi köllun?

Fyrir hönd allra kvenna af erlendum uppruna þakka ég kærlega fyrir áheyrnina !!!